

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 329/2022

frá 9. desember 2022

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2259 frá 15. desember 2021 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1286/2014 að því er varðar framlengingu á umbreytingarfyrirkomulagi fyrir rekstarfélög, fjárfestingarfélög og aðila sem veita ráðgjöf um eða selja hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða og sjóða sem ekki eru verðbréfasjóðir ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2261 frá 15. desember 2021 um breytingu á tilskipun 2009/65/EB að því er varðar notkun rekstrarfélaga verðbréfasjóða á lykilupplýsingaskjölum ⁽²⁾.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

IX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 30. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB):

„— **32021 L 2261:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2261 frá 15. desember 2021 (Stjtið. ESB L 455, 20.12.2021, bls. 15).“
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31bg (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014):

„— **32021 R 2259:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2259 frá 15. desember 2021 (Stjtið. ESB L 455, 20.12.2021, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 455, 20.12.2021, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 455, 20.12.2021, bls. 15.

2. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2021/2259 og tilskipunar (ESB) 2021/2261, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2020 frá 30. apríl 2020 ⁽³⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(³) Verður birt.